

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um uppgjöf á eptirgjaldi eptir þjóðjörð. — Í tilefni af beiðni ábúandans á hálfri umboðsjörðinni Hafnanesi og samkvæmt tillögu yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 19. sept. þ. á. vil jeg hjermeð fallast á, að nefndum leiguliða verði veitt, fyrir yfirstandandi fardagaár, uppgjöf á landsskuld hans og leigum eptir tjeða ábúðarjörð hans, sem þóknun fyrir það, að hann hefur flutt bæjarhúsin á leigujörð sinni undan sjávarágangi á betri og hentugri stað.

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um greiðslu kostnaðar við undirbúning á nýju jarðamati. — Með þóknanlegu brjefi 27. okt. þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi sýslumannsins í Árnessýslu dags. 6. s. m., þarsem hann fyrir sýslunefndarinnar hönd og í tilefni af því, að amtsráðið í suðuramtinu hefur úrskurðað, að kostnaður af endurskoðun þeirri á jarðamatinu, er fyrirskipuð var með brjefi ráðgjafans 28. febr. 1882, sje sýslusjóðnum óviðkomandi, og þessvegna felld úr sýslusjóðsreikningi Árnessýslu fyrir 1883 upphæð nokkra, 62 kr. 25 a., er greidd hafði verið úr sýslusjóði sem þóknun til 3 sýslunefndarmanna fyrir að starfa að endurskoðun jarðamatsins utanfundar — fer þess á leit, að bæði þessi upphæð, sem nú var nefnd, og ennfremur 84 kr., sem sýslunefndinni bæri í laun fyrir að sækja sýslufundinn um jarðamatið og sitja á honum, eða samtals 146 kr. 25 a., verði ávísaðar sýslunefndinni úr landssjóði.

Útaf þessu skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að tjá sýslunefndinni í Árnessýslu, að með því að fjárveitingarvaldið hafi eigi ákveðið neitt endurgjald handa sýslunefndum eða hreppsnefndum fyrir ómak þeirra við áminnsta endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861, þá sjái jeg mjer eigi fært, að ávísu hina umræddu upphæð úr landssjóði.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um bygging eyðijarðar. — Að ráðgjafinn hafi með brjefi 7. f. m. samkvæmt uppástungu umboðsmannsins yfir Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði, er þjer, herra amtmaður, skýrðuð mjer frá í þóknanlegu brjefi, 12. maí þ. á., fallizt á, að umboðsjörðin Elliði í Staðarsveit verði boðin upp til ábúðar með því fyrirheiti, að sá, sem vildi taka jörð þessa til ábúðar og flytja bæinn þaðan, sem hann nú er, að svonefndum Holtum og byggja hann þar upp aptur í fullgildu standi, skyldi, þegar hann væri búinn að sanna með löglegri skoðunargjörð, að hann hefði gjört þetta, fá endurgoldinn kostnað þann, er af því leiddi eptir mati óvilhallra manna, þó ekki meira en 200 kr., og fá eptirgefinn helming landsskuldar af jörðunni um 3 fyrstu ábúðarár hans, meðan hann væri að rækta upp nýtt tún — það tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um sveitfesti þurfamanns. — Í erindi nokkru, dags 18. f. m., er hingað hefir komið beina 31. dag desemberm. 1885.